

Íþróttiferill

- Landsliðsmaður í körfubolta
- Leikmaður með University of Arkansas
- Bikarmeistari með Val í handbolta (2011)
- Félagslið: Valur, ÍA, ÍR

Þjálfara- og frumkvöðlastarf

- Þjálfari frá minnibolta upp í meistaraflokk hjá Val, ÍR, FSu og ÍA
 - Stofnandi fyrstu íþróttakademíu á Íslandi í Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu)
 - Stofnandi og eigandi Sideline Sports (XPS Network)
www.sidelinesports.com
 - Stofnandi og eigandi Key Habits – stjórndarþjálfunar fyrirtæki
www.keyhabits.com, www.keyhabits.is
 - Stofnandi og yfirþjálfari Apenu Íþróttafélags
www.athenabasketball.com
 - Stofnandi Athena International Basketball Coaching Academy (AIBCA)
www.athenabasketball.com/aibca
 - Eigandi ETHOS OF ATHENA (LEM Leadership, Ethics & Mental Training)
-

Kynningarbréf – Framboð til forseta ÍSÍ

Kæru félagar,

Ég býð mig fram til forseta Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands með það skýra markmið að varpa ljósi á og uppræta þá spillingu og valdníðslu sem hefur fengið að dafna innan hreyfingarinnar. Reynslan af baráttu minni fyrir réttindum og virðingu ungra íþróttakvenna í gegnum Apenu hefur sýnt mér á afgerandi hátt að umbóta er þörf á öllum sviðum innan ÍSÍ.

Ég hef verið ötull þátttakandi í íslenskum íþróttum sem leikmaður, þjálfari og frumkvöðull í meira en þrjá áratugi. Sem stofnandi Sideline Sports, Key Habits og Apenu hef ég skapað ný tækifæri og betri umgjörð fyrir ungt fólk til að vaxa og dafna í íþróttum jafnt sem persónulega. Þessi reynsla hefur styrkt þá sýn mína að íþróttir barna og ungmenna eigi fyrst og fremst að snúast um skapgerðarþjálfun og persónulega þróun það er í raun

eina verðuga markmiðið. Ég trúi því staðfastlega að engin færni á vellinum sé einhvers virði ef einstaklingurinn getur ekki tekið hana með sér út í daglegt líf, sem ábyrgur, sjálfstæður og sterkur samfélagsþegn.

Ég mun leggja áherslu á að minnka regluverk og yfirstjórn ÍSÍ, veita meira frelsi og öflugri stuðning við grasrótastarf, og tryggja að allir krakkar, óháð efnahag, kyni eða samfélagsstöðu, fái sömu möguleika til að taka þátt í íþróttum. Sérstaka áherslu mun ég leggja á að styrkja stöðu þeirra barna sem standa verst fjárhagslega og félagslega, sem og að jafna aðstöðu og möguleika ungmenna á landsbyggðinni til að keppa við ungmenni annarstaðar á landinu.

ÍSÍ á fyrst og fremst að vera stuðningsaðili við íþróttastarf í samfélaginu, en ekki miðstýrð stofnun sem tekur að sér hlutverk alvitra dómara í málum sem krefjast sérhæfðrar þekkingar og reynslu. Stjórn ÍSÍ þarf að sýna þá auðmýkt að viðurkenna eigin takmarkanir og gæta þess að falla ekki í gryfju hroka eða alvittringsháttar. Það er staðreynd að innan núverandi stjórnar ÍSÍ er verulegur skortur á faglegri þekkingu á sviðum eins og afreksþjálfun og siðferði. Þetta gerir það sérstaklega varhugavert þegar stjórnin tekur að sér hlutverk sjálfskipaðs siðferðispostula eftir hentugleika, en kastar síðan frá sér allri ábyrgð þegar kemur að erfiðustu og viðkvæmustu málunum með því að fela þeim utanaðkomandi sálfræðipjónustu.

Við þurfum jafnframt að horfast í augu við þá staðreynd að núverandi stefnur, eins og "fyrirmyndarfélag ÍSÍ", þurfa að vera meira en orðin tóm og aðgerðarleysi. Ég mun beita mér fyrir því að stefnur og markmið séu raunhæf, framkvæmanleg og skýr, með öflugum aðgerðum og eftirliti.

Ég bið ykkur um stuðning í þessu mikilvæga verkefni og heiti því að ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til að skapa heilbrigðari, sanngjarnari og sterkari íþróttahreyfingu fyrir okkur öll.

Með vinsemd og virðingu,

Brynjar Karl